

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 29. apríl 2011 í máli nr. X-15/2010:

Bank Ochrony Srdowiska, Bayerische Hypo und Vereinsbank (heitir nú UniCreditbank AG), Bayerische Landesbank, Deutsche Bank Luxembourg SA, DZ Bank AG, First Commercial Bank, Fortis Bank SA/NV, Intesa Sanpoulo S.p.A, Lloyds TSB Bank plc, Raiffeisen Zentralbank Oesterreich AG, Raiffeisenlandesbank Niederösterreich-Wien AG, Standard Bank plc, Société General, State bank of India, Frankfurt, State Bank of India, Paris, The Royal Bank of Scotland, Delaware Investments.

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Saga Capital Fjárfestingabanki hf.

(Vilhjálmur Bergs hdl.)

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 4. apríl sl., um frávísunarkröfu varnaraðila, var þingfest 31. mars 2010.

Málið var endurupptekið 28. apríl sl. og var þá lögð fram bókun um breytta aðild sóknarmegin.

Sóknaraðilar eru samkvæmt framangreindri bókun:

Bank Ochrony Srdowiska, Bayerische Hypo und Vereinsbank (heitir nú UniCreditbank AG), Bayerische Landesbank, Deutsche Bank Luxembourg SA, DZ Bank AG, First Commercial Bank, Fortis Bank SA/NV, Intesa Sanpoulo S.p.A, Lloyds TSB Bank plc, Raiffeisen Zentralbank Oesterreich AG, Raiffeisenlandesbank Niederösterreich-Wien AG, Standard Bank plc, Société General, State bank of India, Frankfurt, State Bank of India, Paris, The Royal Bank of Scotland, Delaware Investments.

Varnaraðili er Saga Capital Fjárfestingabanki hf., Hafnarstræti 53, Akureyri.

Sóknaraðilar mótmæla þeirri afstöðu slitastjórnar að samþykkja kröfu varnaraðila sem forgangskröfu samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991 og krefjast þess að felld verði úr gildi sú ákvörðun slitastjórnar Straums-Burðaráss fjárfestingarbanka hf. Til vara krefjast þeir þess að einungis krafa að jafngildi 20.887 evra verði viðurkennd sem forgangskrafa samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991. Til þrautavara er þess krafist að felld verði úr gildi sú ákvörðun slitastjórnar Straums-Burðaráss fjárfestingarbanka hf., að dráttarvaxtakrafa varnaraðila, Saga-Capital Fjárfestingarbanka hf. í bú félagsins að fjárhæð 1.270.656 krónur hafi stöðu forgangskröfu samkvæmt 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 við slitameðferð Straums-Burðaráss fjárfestingarbanka hf. Þá krefjast sóknaraðilar málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess í þessum þætti málsins að kröfum sóknaraðila verði vísað frá dómi. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila, að skaðlausu.

Sóknaraðilar krefjast þess í þessum þætti málsins að kröfum varnaraðila um frávísun málsins verði hafnað. Þá krefjast sóknaraðilar málskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Málsatvik

Héraðsdómur Reykjavíkur skipaði Straumi-Burðarás fjárfestingarbanka hf., (hér eftir Straumur) slitastjórn 11. maí 2009, samkvæmt ákvæðum 4. töluliðs 2. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009 um breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Slitastjórn gaf út innköllun til skuldheimtumanna Straums 12. maí 2009 og birtist hún fyrra sinni í Lögbirtingablaði, sem kom út 18. sama mánaðar. Kröfulýsingarfrestur var ákveðinn tveir mánuðir og var því á enda 18. júlí 2009.

Á kröfuhafafundi 6. ágúst 2009 var fjallað um skrá yfir lýstar kröfur og afstöðu slitastjórnar til viðurkenningar þeirra. Kom þar m.a. fram sú afstaða til kröfu varnaraðila að hún væri samþykkt sem forgangskrafa samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991. Á kröfuhafafundinum lýsti lögmaður sóknaraðila því yfir að þeir mótmæltu þeirri afstöðu slitastjórnar að kröfur sem lýst hafði verið í búið vegna innstæðna í protabúi bankans skyldu njóta forgangs í krafti 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Andmæli þessi voru árétuð síðar og ekki tókst að jafna ágreining um þau á kröfuhafafundum.

Kröfur sóknaraðila í bú Straums nema yfir 500.000.000 evrum. Þær hafa verið samþykktar sem almennar kröfur af slitastjórn Straums. Mótmæli sóknaraðila lúta að gildi neyðarlaganna svokölluðu, laga nr. 125/2008, en með ákvæðum 6. gr. þeirra laga var forgangur innstæðna lögleiddur. Því ákvæði var svo breytt með 3. mgr. 6. gr. laga nr. 44/2009, sem breyttu lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur frá 18. ágúst 2010 var frumvarp að nauðasamningi fyrir Straum staðfest sem nauðasamningur félagsins. Úrskurðurinn

var ekki kærður til Hæstaréttar og varð því bindandi fyrir þá sem eru aðilar að samningnum.

Málsástæður og lagarök

Varnaraðili kveður að greinargerð sóknaraðila fjalli aðeins að litlu leyti um kröfur sóknaraðila og tilurð þeirra. Varnaraðili kveður að mjög erfitt sé að átta sig á samhengi röksemda sóknaraðila fyrir því að ekki skuli viðurkenna kröfu varnaraðila sem forgangskröfu. Þannig fari megnið af greinargerð sóknaraðila í að rekja aðdragandann að hruni bankakerfisins og setningu laga nr. 125/2008, sem hafi leitt til tjóns fyrir sóknaraðila. Þá sé ljóst að sumum málsástæðum og kröfum sem hafðar séu uppi í greinargerð sóknaraðila geti ekki verið beint að varnaraðila í máli þessu, heldur virðist þær teknar orðrétt upp úr öðrum málum sem sóknaraðilar reki fyrir dómstólum. Þá sé víða ósamræmi í málflutningi sóknaraðila. Að auki séu víða hafðar uppi málsástæður í greinargerð sóknaraðila sem alls ekki eigi við í þessu máli, eins og málsástæða sóknaraðila um lögmætar væntingar. Máltilbúnaður sóknaraðila sé að þessu leyti fráleitur og útilokað fyrir varnaraðila að halda uppi nauðsynlegum vörnum. Greinargerð sóknaraðila fullnægi ekki kröfum um sem gerðar séu um skýrleika kröfugerðar, samkvæmt lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Þá bendir varnaraðili á að samkvæmt því sem fram komi í greinargerð sóknaraðila nemi kröfur þeirra í bú Straums yfir 500.000.000 evrum, án þess að kröfur þeirra séu tilgreindar nánar. Samþykktar almennar kröfur í bú Straums nemi 1.300.000.000 evrum og því fari sóknaraðilar með, að því er virðist um 35-40%, af almennum kröfum í búinu.

Sóknaraðilar séu 27 talsins frá mörgum löndum og meðal þeirra sé banki með aðsetur utan Evrópusambandsins og EES-svæðisins. Í greinargerð sóknaraðila sé engin grein gerð fyrir viðskiptum þeirra við Straum. Hvergi sé fjallað um réttarsamband einstakra sóknaraðila við Straum, hvers eðlis kröfur þeirra séu, hvenær þær voru stofnaðar eða þær sundurliðaðar.

Málsástæður sóknaraðila séu hins vegar í mörgum atriðum þess eðlis að nauðsynlegt hefði verið að gera fullnægjandi grein fyrir þessum atriðum, enda varði margar þeirra samanburð á kröfu varnaraðila við annars konar kröfur. Ekki sé greint frá uppruna krafanna, gjalddaga þeirra, skilyrðum, viðbrögðum sóknaraðila við útgáfu viðskiptabankaleyfis Straums og setningu neyðarlaganna, eða hvort og þá hvenær þær hafi verið gjaldfelldar. Þá gerir varnaraðili athugasemdir við að kröfur hvers sóknaraðila séu ekki tilgreindar með nánari hætti í greinargerð sóknaraðila og hver afstaða slitastjórnar Straums hafi verið til krafanna. Mikið vanti upp á skýrleika í greinargerð sóknaraðila að þessu leyti. Því sé varnaraðila erfitt um vik að halda uppi vörnum í málinu.

Þá kveður varnaraðili máltilbúnað sóknaraðila með þeim hætti að svo virðist sem í raun sé verið afla lögfræðilegs álits fyrir dóminum, í andstöðu við 1. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Vart verði séð hverjir séu fjárhagslegir hagsmunir hans af ágreiningi þeim sem hér er uppi.

Ljóst sé að hagsmunir sóknaraðila af úrlausn þessa séu ekki fjárhagslegir, í raun einvörðungu lagatæknilegir. Mál sem varði enga eða hverfandi hagsmuni verði ekki rekin fyrir dómstólum.

Jafnframt bendir varnaraðili á að formreglum um boðun fundar til að jafna ágreining með aðilum hafi ekki verið framfylgt. Varði það því, að skilyrði 3. málsliðs 2. mgr. 120. gr. laga um gjaldþrotaskipti, um vísun ágreiningsefnis af hálfu slitastjórnar til héraðsdóms, séu ekki uppfyllt og verði því að vísa málinu frá dómi og senda það til slitastjórnar til réttar meðferðar.

Við munnlegan málflutning kom fram hjá lögmanni varnaraðila að staðfestur hefði verið nauðasamningur fyrir Straum. Sóknaraðilar fái greitt samkvæmt þeim samningi og úrlausn um það hvort krafa varnaraðila verði að endingu viðurkennd sem forgangskrafa eða almenn krafa breyti engu um það, að sóknaraðilar fái greitt samkvæmt nauðasamningi, sem þeir hafi gengist undir.

Sóknaraðilar benda á, að jafnvel þótt hagsmunir sóknaraðila séu ekki miklir í krónum talið, séu þeir fyrir hendi og þeir hafi því lögvarða hagsmuni af því að fá niðurstöðu í málinu. Þeir hafi beina hagsmuni af því að fá skorið úr um stjórnskipulegt gildi neyðarlaganna.

Vegna þeirrar málsástæðu varnaraðila að slitastjórn hafi ekki boðað til fundar til að jafna ágreining, með lögformlegum hætti, lýsti lögmaður sóknaraðila því yfir að slíkur fundur hefði engu breytt um það að ágreiningsefninu hefði verið vísað til héraðsdóms.

Niðurstæða

Eins og að framan greinir var frumvarp að nauðasamningi fyrir Straum-Burðarás fjárfestingarbanka hf., staðfest sem nauðasamningur félagsins með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur 18. ágúst 2010. Úrskurðurinn var ekki kærður til Hæstaréttar.

Samkvæmt 60. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. bindur nauðasamningur lánardrottna og þá sem í stað þeirra koma um samningskröfur þeirra og hafa efndir samningskröfu í samræmi við ákvæði nauðasamnings sömu áhrif og ef krafan hefði verið efnd eftir upphaflegu efni sínu.

Sóknaraðilar eru bundnir af framangreindum nauðasamningi og fá greiðslu krafna sinna samkvæmt honum. Breytir engu um það hversu mikið þeir fá greitt, hvort krafa varnaraðila teljist forgangskrafa eða almenn krafa við slitameðferð Straums Burðarás hf. Hafa sóknaraðilar því enga hagsmuni af því að leita úrlausnar dómsins um það hvort kröfu varnaraðila skuli skipað í réttindaröð sem forgangskröfu eða almennri kröfu. Verður kröfu sóknaraðila því vísað frá dómi með vísan til 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 3. mgr. 177. gr. laga nr. 21/1991, sbr. og 2. mgr. 178. gr. sömu laga.

Með vísan til 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður sóknaraðilum gert að greiða varnaraðila in solidum 300.000 krónur í málskostnað, að meðtöldum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Af hálfu sóknaraðila flutti málið Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður og af hálfu varnaraðila flutti málið Vilhjálmur Bergs héraðsdómslögmaður.

Ingveldur Einarsdóttir héraðsdómari kveður upp þennan úrskurð.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Sóknaraðilar Bank Ochrony Srdowiska, Bayerische Hypo und Vereinsbank (heitir nú UniCreditbank AG), Bayerische Landesbank, Deutsche Bank Luxembourg SA, DZ Bank AG, First Commercial Bank, Fortis Bank SA/NV, Intesa Sanpoulo S.p.A, Lloyds TSB Bank plc, Raiffeisen Zentralbank Oesterreich AG, Raiffeisenlandesbank Niederösterreich-Wien AG, Standard Bank plc, Société General, State bank of India, Frankfurt, State Bank of India, Paris, The Royal Bank of Scotland, Delaware Investments, greiði óskipt varnaraðila, Saga Capital fjárfestingabanka hf., 300.000 krónur í málskostnað.

Ingveldur Einarsdóttir

